

Minningar úr Myrdal

Ljóð: Hróbjartur Vigfússon
Lag: Auðbert Vigfússon

Ég vil líta til liðinna daga
ljúfa mynd upp í huga mér draga
þegar sumar og sól, sveipar byggðir
og ból
þessum minningum held ég til
haga.

Í dal milli dimmgrænna fjalla
dreifast húsin um hlíðar og stalla
þetta er þorpið í Vík, þar er
fegurðin rík
og minn höfuðstað helst vil ég kalla.

Viðlag:

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa í þeim álfar og tröll.

Ég sé blika á bárum á sænum
bóndans töðu á túnbletti grænum
og á bak við svo bjart, breiðist
jökulsins skart
þaðan áin sig liðar í lænum.

Viðlag:

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa í þeim álfar og tröll.


Alltaf vekur mér sælu í sinni
þessi sveit býr í hjarta mér inni
og þegar sól gyllir sæ, yfir sveitir og
bæ
þannig ætíð hún er mér í minni.



Styrktaraðilar

- | | | |
|--------------------------------------|-------------------------------------|---------------------------------------|
| • Klakkur ehf. | • BVT ehf. | • Bíladrangur ehf. |
| • Rafsuð ehf. | • Smári Tómasson | • Hárgreiðslustofa Þorbjargar |
| • Víkurþrjón ehf. | • Auðbert og Vigfús ehf. | • Víkurkirkja |
| • Sambýlið Kerlingadal ehf. | • E. Guðmundsson ehf. | • Ögmundur Ólafsson ehf |
| • Fagradalsbleikja ehf. | • Arion banki | • Hótel Lundi |
| • Hótel Dyrhólaey | • Kaupás | • Jóhann Einarsson |
| • Hótel Höfðabrekka | • Atvinnuþróunarfélag
Suðurlands | • Þórisholt ehf. |
| • Gistiheimlið Norður-Vík | • Leirbrot og gler | • Sýslumaðurinn í Vík |
| • Tjaldstæðið Þakgili | • Halldórskáff | • Trévík ehf. |
| • Ferðaþjónustan
Sólheimahjáleigu | • Framrás ehf | • Víkurhús |
| • Tjaldstæðið í Vík | • Norður Götur | • Vitinn |
| • Guðný Guðnadóttir | • Menningarráð
Suðurlands | • Hóþferðabílar Suðurlands |
| | | • Menningarmálanefnd
Mýrdalshrepps |

Regnboginn



List í fögru umhverfi

Menningarveisla í Vík
1.- 3. október 2010

Ávarp nefndarinnar



Kæru Mýrdælingar, nærsveitamenn og gestir

*Ofar regnbogans gliti liggur láð,
lof því skáld hafa ort og sagnir um dýrð þess skráð.*

*Aldrei skugga þess himinblámi bar,
bernskudraumar og vonir manna rætast þar.*

E.Y. Harburg/ Kristján frá Djúpalæk

Handan regnbogans liggur ævintýralandið Oz, með sínum gula múrsteinsvegi, grænu smaragðsborg og rauða draumsóleyjaakri. Þar búa undur og ógnir, nornir og forynjur, en líka vinátta og fegurð.

Undir okkar regnboga er sem betur fer lítið um bráða hættu, en þess meiri gleði, skemmtun, litir, list og samvera. Mýrdælingar bjóða til fjölbreyttrar menningarveislu helgina 1. – 3. október.

Í ár er Regnboginn haldinn í fjórða sinn. Hátíðin er orðin fastur liður í lífi Mýrdælinga, tilhlökkunarefni bæði barna og fullorðinna. Dagskráin í ár er glæsileg eins og endranær. **Heimsfrumsýning** á mynd Helga Felixssonar *Skafthellingur Saga* er stórvíðburður sem enginn má missa af. Myndin fjallar um hið fornfræga skip Skafthelling og fólkið í kring um hann.

Tónlistin hefur alltaf verið mikilvægur þáttur hátíðarinnar og er svo einnig í ár. Heimamenn og góðir gestir flytja fjölbreytta tónlist, djass, tangó, sálmalög, dægurtónlist, lög úr söngleikjum og margt fleira. Leiklist, dans og sýningar af ýmsu tagi eru meðal annarra dagskrárliða og það er því tilvalið að kynna sér dagskrá hátíðarinnar tímanlega, svo hægt sé að njóta sem flestra víðburða.

Regnboginn er litróf á himnum og litir lífga upp á tilveruna. Gaman væri ef Mýrdælingar skreyttu hús sín og garða í litum regnbogans og drægju íslenska fánann að húni hátíðardagana.

Fyrirtækjum og einstaklingum þökkum við frábærar undirtektir og góðan stuðning!

Góða skemmtun!

Undirbúningsnefndin

Víðburðir og sýningar



Leirbrot og gler

Leir - og glerlistasýning Guðrúnar Sigurðardóttur.

Opið hús laugardag og sunnudag frá kl. 11:00 - 18:00

Laugardagur: Bodið verður upp á kaffi úr gömlu kaffikönnunni hennar Ingibjargar Sigurðar. Kristinn og Sigurgeir mæta kl: 14:30 með nikkuna og leika af fingrum fram, auk þess kemur spákona á milli 16:00—18:00 og les í bollann þinn

Víkursþrjón 30 ára

Opið hús föstudag frá kl. 13—18. Léttar veitingar

Arion banki- Endurbætt húsnæði

Opið hús föstudag frá kl. 12:30—16:00. Léttar veitingar

Vínbúðin - Nýtt húsnæði

Opið hús föstudag frá kl. 14:00 - 18:00. Léttar veitingar

Íþróttahús

Nemendur leik - og grunnskóladeilda Víkurskóla sýna afrakstur listaviku laugardag og sunnudag

Leikskálar - Regnbogamarkaðurinn

Opið laugardag og sunnudag kl. 11:00—16:00

Margvíslegt góðgæti og skemmtilegur varningur til sölu

Tónlistartriði á Regnbogamarkaðnum

Laugardag kl. 11:30: Kristinsbörn og Skvísurnar

Sunnudag kl. 13:00: Raddirnar

Viðburðir og sýningar



Halldórscaffi - myndlistarsýning

Draumaveröld—Ástríður Einarsdóttir sýnir myndir sínar

Föstudagur: 20:00 setning Regnbogahátíðarinnar

Laugardagur: eldhúsið opið frá kl. 18:00—21:00

Dúettinn Inger og Jón Þór spila lifandi tónlist

Lundinn- ljósmyndasýning

Þórir Kjartansson sýnir skemmtilegar fuglamyndir sem teknar hafa verið í Mýrdalnum

Opið laugardag kaffi og kökusneið **kr: 900,-**

Blúsbandið Mood spila lifandi tónlist

Tilboð á gistingu

Víkurgrikk - ljósmyndasýning

Opið frá kl. 12:00 - 20:00 fyrir mat

Þórir Kjartansson sýnir myndir sínar

Þrydebúð - menningarsetur Mýrdælinga

Gott strand eða vont...?

Sýning um sögu skipstranda í V-Skaftafellssýslu 1898-1982

Mýrdalur - Mannlíf og náttúra

Opið: föstudag: 19:00 - 21:00

sunnudag : 12:00 -14:00

sunnudag kl. 13.30 Reynir Ragnarsson, frásögn frá fyrri tíma

Við minnum á hverfaskiptinguna:

Austurvegur, Kirkjuvegur, Smiðjuvegur = blátt

Víkurbraut, Ránarbraut = appelsínugult

Mánabraut, Sunnubraut = grænt

Sigtún, Hátún = bleikt

Suðurvíkurvegur, Suðurvík, Norðurvík = gult

Bakkabraut, Mýrarbraut, Árbraut = rautt

Viðburður



SKAFTFELLINGUR SAGA - HELGI FELIXSON

Heimsfrumsýning í Þróttahúsinu í Vík laugardag 2. okt. Kl. 13:30

Það er þokumistur yfir svörtu hrauninu og söndunum umhverfis Vík í Mýrdal. Óbeislaður sjórinn æðir yfir svartar sandöldurnar. Drangarnir, ósigrandi mitt í öldurótinu, fylgjast með þegar gamalt og niðurnítt skip birtist utan úr þokunni. Skipið virðist lifandi og líkist öldruðum biskup í gauðrifinni prestshempu. Þetta skip sem eitt sinn rauf einangrun og tengdi byggðirnar og fólkið, er nú á bakaleið til þorpsins Víkur. Þessu samfélagi þjónaði skipið dyggilega í áraraðir en finnur þar nú sína hinstu hvílu. Ég er sjálfur frá Vík og ég finn samhljóm með skipinu Skaftfellingi. Ég skil vegleið þess og finnst straumar lífsins oft hafa farið með mig áþekka leið. Þegar heimþráin hellist yfir mig fer ég til Víkur til að sjá hafið og sandana svörtu. Drangarnir standa í sjónum eins og tröll og fylgjast með þegar ég kem til baka til þorpsins þar sem forfeður mínir og mæður ólu daga sína. (Helgi Felixson)

Helgi hefur búið í Svíþjóð í þrjátíu ár. Hann rekur fyrirtækið FelixFilm og hefur gert fjölda heimildarmynda um allan heim. **Skaftfellingur Saga** er mynd um skipið Skaftfelling VE 33, sem var smíðað í Danmörku árið 1918 og hélt uppi samgöngum milli Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Víkur og ýmissa staða við sanda Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu. Skaftfellingur fór einna flestar ferðir íslenskra skipa milli Íslands og Bretlands á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Skipið var að grotna niður í Vestmannaeyjum þegar Sigrún heitin Jónsdóttir, kirkjulistakona og sjálf Skaftfellingur, stóð fyrir flutningi þess heim í Vík fyrir nokkrum árum.



Regnboginn

dagskrá

Föstudagur 1. október

Halldórskafti kl. 20:00

Hátíðin sett - Ávarp og tónlistartriði.
Magdalena Katrín og Arnar Snær flytja okkur ljúf lög.
Helgi Felixson kynnir mynd sína *Skaftfellingur Saga*
Íslensk dægurlög í nýdjössuðum útsetningum undir stjórn
Stefáns Þorleifssonar.

Ströndin kl. 22:00

Fúlar á móti : Helga Braga og Björk Jakobs í bráðfyndnu uppistandi.
Nemendur úr söngskóla Sigurðar Demetz flytja fjöruga tónlist úr ABBA
og söngleikjum.

Laugardagur, 2. október

Leikskálar kl. 11:00 - 16:00 Regnbogamarkaðurinn

Myndlist, handverk og tónlist.

Íþróttahúsið kl. 13:30 Heimsfrumsýning

Mynd Helga Felixsonar *Skaftfellingur Saga* er stór viðburður sem enginn má missa af.
Myndin fjallar um hið fornfræga skip Skaftfelling og fólkið í kringum hann.

Íþróttahúsið kl. 15:00 Regnbogastjarnan

Létt dagskrá. Fram koma m.a. nemendur Grunn- og tónskólans, upplestur Jón Hjaltason
les skaftfellska ljóð, *Ljósín í bænum* undir stjórn Önnu Björnsdóttur og *Eyrarkórinn* undir
stjórn Örlygs Benediktssonar.

Opið hús og léttar veitingar:

Víkurþjón kl. 13:00 - 18:00

Arion banki kl. 12:30 - 16:00

Vínúðin kl. 14:00 - 18:00

Regnbogamarkaðurinn

dagskrá

Sunnudagur 3. október

Víkurkirkja kl. 11:00

Messa séra Haraldur M. Kristjánsson. Sálmar og söngvar eftir
Skaftfellinga í flutningi Samkórs Mýrdælinga undir stjórn
Kára Gestssonar.

Víkurkirkja kl. 15:00

Tónleikar: Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson flytja ljúfa tóna.

Hjallatún:

Opið hús frá 16:00 - 18:00 handverk, kaffi og meðlæti
Samkór Mýrdælinga flytur skaftfellska söngva

Grunnskólinn kl. 17:00

Diskótekið Dolly: Söngvarakeppni unga fólksins.

Íþróttahúsið kl. 20:30

Fjölbreytt dagskrá: Tangó Guðmundur Óli og dansarar, söngur *Ljósín í bænum*,
Eyrarkórinn og *Dúettinn Vox*, myndlist, Óskar Einarsson og Edgár Smári

Lundinn kl. 22:00

Blusbandið Mood spila að fingrum fram

Halldórskafti kl. 23:00

Dúettinn *Inger* og *Jón Þór* leika lifandi
tónlist

Leirbrot og gler

Opið hús laugardag og sunnudag frá kl. 11:00 - 18:00.

Myndlistarsýningar
Ljósmyndasýningar

Söngvarakeppni unga fólksins